

Nd.

495. Nefndarálit

[82. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Það er æði margt, sem þyrfti að athuga í sambandi við tekjuöflun sveitarfélaga. Mörg þeirra hafa átt í miklum erfiðleikum með að afla nægjanlegra tekna til að rísa undir lögboðnum gjöldum. Ekki er hægt að sjá annað en að þeir erfiðleikar fari hraðvaxandi, eins og nú horfir í atvinnumálum þjóðarinnar. Því ber að vinna að því að útvega sveitarfélögunum nýja tekjustofna.

Aðstöðugjaldið er þyrnir í augum margra, ekki sízt fyrir það, að þeim mun óhagstæðari sem atvinnureksturinn er og fleiri óhöpp henda, þeim mun hærra verður gjaldið hjá hlutaðeigandi aðila, en gjaldþolið minnkar að sama skapi. Þannig geta ýmis ófyrirsjáanleg óhöpp, sem fyrir koma í atvinnurekstrinum og skera úr um það, að hallarekstur verður á óhappaárinu, hækkað til mikilla muna gjöld fyrirtækisins til sveitarfélagsins. Á þennan hátt er hallareksturinn skattlagður og íþyngt erfiðum rekstri það mikið, að til stöðvunar getur leitt.

Ekkert samræmi er í álagningu aðstöðugjaldsins, og í mörgum tilfellum getur það orðið 4 sinnum hærra á einum stað en öðrum, miðað við sams konar rekstur. Ef ekki þykir fært að afnema aðstöðugjaldið með öllu, verður að samræma álagningarprósenta þannig, að sama prósentu gildi á öllu landinu á sams konar rekstur.

Ég get ekki fallizt á þetta frv. í veigamiklum atriðum og legg fram breytingar-tillögur á sérstöku þingskjali og mun gera grein fyrir þeim frekar í umræðu um málið.

Alþingi, 1. apríl 1968.

Stefán Valgeirsson.